


Beethoven- hringurinn I

MIÐVIKUDAGUR 07.12.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Fyrstu tvær sinfóniur Beethovens eru hvor um sig um 30 mínútur að lengd en þriðja sinfónían tekur tæpa klukkustund í flutningi.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 annað kvöld.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. DESEMBER 2011 KL. 19.30

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1 í C-dúr (1800)

Adagio molto – Allegro con brio

Andante cantabile con moto

Menuetto: Allegro molto e vivace

Finale: Adagio – Allegro molto e vivace

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 2 í D-dúr op. 36 (1801–02)

Adagio molto – Allegro con brio

Larghetto

Scherzo: Allegro

Allegro molto

Hlé

Ludwig van Beethoven:

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr op. 55 (1804)

Allegro con brio

Marcia funèbre: Adagio assai

Scherzo: Allegro vivace

Finale: Allegro molto – Poco andante – Presto

Hannu Lintu
hljómsveitarstjóri



Hannu Lintu nam selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og lærði hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Hann bar sigur úr býtum í Norrænu stjórnandakeppninni í Bergen árið 1994 og hefur síðan stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda og víðar, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi og Kammersveitinni í Lausanne. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, og símfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað m.a. í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Lintu gegnir starfi aðalstjórnanda við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere í Finnlandi og mun taka við stjórn Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki haustið 2013.

Lintu hefur stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum, m.a. *Carmen* eftir Bizet og *Töfraflautu* Mozarts við Finnsku þjóðaróperuna, og tónleikaflutningi á *Gianni Schicchi* eftir Puccini í Chicago. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho. Lintu stjórnaði Símfóníuhljómsveit Íslands síðast í júní 2009 og vakti þá þvílíka hrifningu hljómsveitarmeðlima að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1



Ludwig van Beethoven (1770–1827) var einn þeirra listamanna sem breytti gangi tónlistarsögunnar. Þetta gerði hann meðal annars með níu sinfóníum sem eru löngu komnar í flokk með helstu meistaraverkum vestrænnar menningar. Því er vel við hæfi að Sinfóníuhljómsveit Íslands flytji þær allar á fyrsta starfsári sínu í Hörpu. Þegar tónskáld tóku að nota heitið „sinfónía“ á fyrri hluta 18. aldar var það yfirleitt haft um léttvæga óperuforleiki í þremur þáttum (hratt–hægt–hratt), en þegar var komið fram á miðja öld var sinfónía orðið sjálfstætt hljómsveitarverk í þremur eða fjórum köflum. Haydn og Mozart lögðu fram merkan skerf til sinfóníusmíða, og sama má segja um marga aðra smærri meistara sem nú eru allt að því gleymdir. Vínarborg var ekki miðpunktur sinfóníusköpunar í Evrópu þegar Beethoven hóf feril sinn – þar var engin sinfóníuhljómsveit með fasta tónleikaröð eins og í París eða Lundúnum – en formið hentaði tónhugsun hans með eindæmum vel. Þegar Beethoven lést var sinfónían orðin eitt stærsta og mikilvægasta form tónlistarinnar; mælikvarði á frumleika og tæknilega kunnáttu hvers tónskálds. Í höndum Beethovens varð sinfónían form hinna risavöxnu átaka; í tónlist sinni speglaði hann bæði sitt eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum og fjölbreytileika, fegurð og illsku, gleði og ljótleika.

Beethoven fæddist í Bonn í Þýskalandi en hélt til Vínarborgar síðla árs 1792 með það fyrir augum að komast í læri hjá meistara Haydn. Mozart hafði fallið frá árið áður og eflaust hefur Beethoven harmað andlát hans meira en flestir aðrir. Hann kundi illa við sig í tónsmíðatímunum hjá Haydn, sagði síðar súr í bragði að þar hefði hann aldrei numið nokkurn skapaðan hlut. Hvað sem því líður lærði Beethoven ýmislegt af fyrirrennara sínum, þótt líklega hafi kontrapunktstímarnir skipt minna máli en fyrirmyndirnar sem finna mátti í tónsmíðunum sjálfum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsta sinfónía Beethovens hljómaði síðast í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nóvember 2010 undir stjórn Giovannis Antonini. Áður hafa m.a. stýrt hljómsveitinni í verkinu þeir Páll Ísólffsson (1958), Ragnar Björnsson (1969) og Klauspeter Seibel (1986). Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur einnig flutt sinfóníuna og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék hana á fyrstu tónleikum sínum árið 1993.

Beethoven var tekið opnum örmum í Vínarborg og þar kynntist hann fjölmörgum lista- og fræðimönnum sem lögðu sitt af mörkum til að ferill unga mannsins gæti blómstrað. Fyrstu sinfóníuna tileinkaði hann Gottfried van Swieten, sem var náinn vinur bæði Mozarts og Haydns, bókavörður við konungshirðina og sérstakur áhugamaður um tónlist Bachs og Händels. Án áhrifa Swietens hefði Töfraflauta Mozarts tekið á sig allt aðra mynd, svo ekki sé minnst á óratóriur Haydns, og víst er að hinn ungi Beethoven hefur dregið margvíslegan lærdóm af samvistunum við þennan fjölfróða frímúrara.

Fyrsta sinfónían hefst á dæmigerðum brandara úr forðabúri Haydns. Upphafshljómarnir tveir ættu frekar að enda kaflann heldur en byrja hann; á músíkmáli segja þeir „Úti er ævintýri“ en ekki „Einu sinni var.“ Beethoven bætir um betur, endurtekur samskonar hljóma en á nýjum stað, leiðir okkur sífellt fjær frá áfangastaðnum eftir því sem tónlistinni vindur fram. Þetta sama bragð hafði Haydn notað nokkrum sinnum í strengjakvartettum sínum; kannski má líkja áhrifunum við að stíga upp í vitlausan strætó. Beethoven nýtur þess að skauta um víðan völl hvað tóntegundirnar snertir, þar til hann loksins kemst á leiðarenda og setur upp hraðara tempó. Allegró-hlutinn er hraður og fjörugur, en um miðbikið bregður fyrir dularfullum hljómum sem sýna að tónskáldið unga hafði ekki aðeins legið yfir hljómsveitarverkum Haydns, heldur einnig lært ýmislegt af verkunum sem Mozart samdi undir lok ævinnar.

Hægi þátturinn er hógvær og settlegur; einnig hér minnir yfirbragðið á Haydn. Strengirnir bætast við hver af öðrum með þokkafullt stef, en í úrvinnslunni sýnir Beethoven hvað í honum býr og flakkar yfir í óskyldar tóntegundir með miklu hugarflugi. Þriðji kaflinn er án efa frumlegastur þeirra allra. Hann er menúett að nafninu til, en austurrískt aðalsfólk hefði átt erfitt með að stíga svo hraðan dans með

nokkrum þokka. Líkt og í síðari símfóníum Beethovens er þetta scherzo, eða brandari, gamansamur og ógnarhraður kafli þar sem mikið er gert úr óvæntum uppákomum og hlustandinn veit aldrei með vissu hvað bíður handan við næsta horn.

Það gerðist sjaldan að lokapættir byrjuðu með hægum inngangi, þótt það væri alvanalegt við upphaf tónverka. Hjá Beethoven er tilgangurinn einungis sá að koma enn einum brandaranum að. Eftir tilþrifamikið upphaf er eins og fiðlurnar týnist í fimmta takti, fari hreinlega út af sporinu. Þær feta sig hikandi upp tónstigann, bæta við einni nótu í hvert skipti, og að lokum kasta þær sér út í aðalstefið í fullu tempói. Þá verður ekki aftur snúið, enda þeytist tónlistin áfram með hröðum tónstigum og blaðskellandi fjöri allt til síðasta tvístriks. Þessi fyrsta símfónía hins 29 ára gamla Beethovens er í senn staðfesting á ótvíræðum gáfum hans – með slíkri símfóníu stóðu honum allir vegir færir í stórborginni – og um leið fyrirboði þeirra miklu sigra sem hann átti eftir að vinna með átta símfóníum sem enn biðu þess að vera festar á blað.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 2



Á fyrstu árum sínum í Vínarborg hafði Beethoven kynnt sér verk Mozarts og Haydns gaumgæfilega og hafði dregið af þeim ýmsan lærdóm. Þau voru fyrirmyndir hans í tónsmíðunum fyrstu árin, en að lokum hafði hið unga tónskáld lært nóg af forverum sínum og hélt út á nýjar og óvæntar brautir.

Sinfónían nr. 2 í D-dúr, sem Beethoven samdi á árunum 1801–02, er eitt verkanna sem marka þessi tímamót á ferli tónskáldsins. Hér hefur hann tekið út fullan þroska sem tónskáld, en þó er fátt sem gefur til kynna þá gagngeru byltingu sem Eroica-sinfónían hafði í för með sér skömmu síðar. Í sinfóníu nr. 2 er engu líkara en að Beethoven kasti kveðju á fyrirmyndir sínar í síðasta sinn, ekki síst Mozart: hægur inngangur Prag-sinfóníunnar svífur yfir vötnum í byrjunartöktunum og þegar líður á kaflann skýtur forleikurinn að *Don Giovanni* upp kollinum hvað eftir annað. Að loknum hægum og ljóðrænum inngangi fyrsta kaflans tekur við fjör og gáski. Fyrsta stefið er leikið af dýpri strengjahljóðfærum, en í hinu síðara eru klarínnett og fagott í forgrunni. Í úrvinnslunni kemur Beethoven okkur á óvart með því að endurtaka upphafsstefið í öllu skuggalegri d-moll, en hann varir ekki lengi. Kraumandi glaðværðin snýr aftur, og raunar halda henni engin bönd; það er ekki fyrr en að loknum viðamiklum kóda eða eftirspili, með rísandi krómatík og stöðugum víxlsporum úr dúr í moll, að kaflinn rennur skeið sitt á enda.

Í öðrum þætti tekur Beethoven einnig stórt stökk fram á við, sé miðað við fyrstu sinfóníuna. Kaflinn er hugljúft intermezzo, en af áður óþekktri stærðargráðu – fullvaxið sönötuform rétt eins og fyrsti kaflinn. Auk þess er tjáningin hér dýpri og innilegri en áður. Þriðji þáttur er enn eitt sjömilnaskrefið hjá hinum unga Beethoven. Í fyrstu sinfóníu sinni kallar Beethoven samsvarandi þátt *menúett*, eins og hefð klassíska tímans sagði til um. En hér notar hann í fyrsta sinn heitið *scherzo* – sem þýðir „brandari“ á ítölsku, enda glensíð í fyrirrúmi. Kaflinn tekst á flug strax

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar lék 2. sínfóníu Beethovens í fyrsta sinn á Íslandi, undir stjórn Jóns Leifs í lðnó í júní 1926. Næst heyrðist hún í Þjóðleikhúsinu 1952, flutt af SÍ og Olav Kielland, og hljómsveitin hefur flutt hana 17 sinnum síðan, m.a. undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat 1978 og 1982, og með Osmo Vänskä í Klakksvík og Þórshöfn í Færeyjum 1995. Hannu Lintu stjórnaði verkinu í síðasta flutningi SÍ, í júní 2009.

Í fyrsta takti og Beethoven leikur sér að eftirvæntingu áheyrenda með því að búa til mynstur sem hann brýtur um leið – t.d. skiptinguna milli sterkra og veikra takta í upphafi, sem er hömruð í það með fortissímóspili. Miðkaflinn (tríóið) er ekki síður kómískur. Eftir blíða og sveitalega laglínu blásaranna taka strengirnir við, en þeir „festast“ á einum og sama tóninum og hafa ekkert til málanna að leggja annað en brotinn hljóm áður en blásararnir taka aftur við. Lokapátturinn – með hálf„klaufsku“ upphafsstefinu, sem hrasar áður en það kemst á flug – er leiftursnökkur og iðandi af lífi rétt eins og sá fyrsti.

Eins og áður er sagt markar verkið tímamót á tónsmíðaferli Beethovens ekki síður en Eriocu-sínfónían ári síðar. Héðan í frá átti hljómsveitartónlist hans eftir að einkennast af sömu öfgunum og hér heyrast – undurblíðri lýrik og logandi eldmóði – og hvort sem samtímamenn hans voru undir það búnir eða ekki urðu þeir að laga væntingar sínar að hinum kröftuga stíl hins upprennandi tónjöfurs.



Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3 („Eroica“)

Í maí 1804 tilkynnti franska þingið að Napóleon hefði verið gefin keisaranafnbót og í desember sama ár tók hann við krúnunni úr hendi Píusar VII páfa. Atburðirnir voru reiðarslag fyrir þá sem höfðu trúað á fyrirheit frönsku byltingarinnar um jafnrétti og bræðralag meðal manna. Einn franskur samtímamaður komst svo að orði: „Á þessum tímum virtist byltingin eins fjarri okkur í tíma og grísk eða rómversk fornöld.“ Meðal þeirra sem misstu trúna á Napóleon í kjölfar þessara atburða var Ludwig van Beethoven, sem hafði einmitt nýlokið við sínfóníu til heiðurs franska konsúlnum. Beethoven var svo misboðið að hann strikaði út tileinkun sínfóníunnar – „intitolata Bonaparte“ – með slíku offorsi að hann gerði gat á titilsíðu handritsins. Í staðinn kom yfirskriftin „Sinfonia eroica per festeggjar il suo venire d'un gran uomo“ eða „Hetjuhljómkviða – samin í minningu mikilmennis.“

Beethoven hafði þegar getið sér orð fyrir byltingarkenndar tónsmíðar sínar árið 1804, en með þriðju sínfóníunni gekk hann lengra en nokkru sinni áður. Aldrei hafði áður heyrst þvílík djörfung í hljómaðali, formi eða tímalengd. Eroica er allt að því helmingi lengri en fólk var vant og fyrsti þátturinn einn og sér er á við heila Haydnsínfóníu af eldri gerðinni. Sínfónían var frumflutt á heimili Lobkowitz prins, sem var mikill velgjörðarmaður Beethovens, en fyrsti opinberi flutningurinn fór fram í apríl 1805 í Theater an der Wien undir stjórn tónskáldsins. Vínarbúar vissu vart hvaðan á sig stóð veðrið. „Ég skal gefa ykkur kreutzer ef þið hættið þessum hávaða,“ á örvæntingarfullur tónleikagestur að hafa hrópað úr einni stúkunni. Einn gagnrýnandi sagði að þótt enginn skortur væri á fögrum köflum þá væri verkið í heild „týnt í frumskógi lögleysunnar.“ Annar sagði að sínfónían væri „of þung, of löng og óbærileg venjulegu áhugafólki um tónlist.“ Þótt hugsjónir frönsku byltingarinnar væru flestum gleymdar var músíkbylting Beethovens rétt að byrja.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar lék 3. símfóníu Beethovens á tónleikum í Dómkirkjunni í júní 1926 undir stjórn Jóns Leifs. Símfóníuhljómsveit Íslands lék símfóníuna á fyrsta starfsári sínu, í Þjóðleikhúsinu í desember 1950 undir stjórn Hermanns Hildebrandt. Síðan hefur hljómsveitin flutt hana margoft, m.a. undir stjórn George Cleve (1971), Lawrence Renes (2007) og Robert Spano (2009). Símfóníuhljómsveit Norðurlands flutti símfóníuna árið 2002 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Eroica hefst með tveimur mikilfenglegum hljófum sem gefa til kynna hverjar áherslurnar verða. Sellóin leika upphafsstefið, lagræna hendingu sem spunnin er út frá tónum Es-dúr hljómsins. Ekki líður þó á löngu þar til stefið lendir á óvæntum slóðum og í kjölfarið taka að spretta upp ýmsir fyrirboðar þess sem koma skal: rytísk togstreita í strengjum, óvænt styrkleikabrigði og beittir, ómstríðir hljómar. Eroica er símfónía hins óvænta, og maður skyldi varast að þykjast vita hvað leynist handan við næstu beygju.

Það líður heldur ekki á löngu þar til taktfestan sem Beethoven gaf til kynna með upphafshljómunum tveimur er fokin út í veður og vind. Á tímabili er engu líkara en að taktstrikinn séu hreinlega horfin, eða að minnsta kosti rækilega færð til. Beethoven breytir þrískipta taktinum í tvískiptan þar til maður veit varla hvað snýr upp eða niður. Í úrvinnslunni kemur Beethoven okkur stöðugt á óvart, ekki síst með því að hægja á hljómskiptunum svo um munar, og hlaða ómstríðum hverri ofan á aðra svo að margt virðist enn nýstárlegt þótt meira en tvöhundrað ár séu liðin frá smíði verksins. Enn leikur Beethoven sér með væntingar hlustandans; á meðan flest hljóðfærin eru enn að undirbúa endurkomu upphafsstefsins leikur fyrsta horn aðalstefið í heimatöntegundinni. Útkoman er vægast sagt sérkennileg. Engu líkara er en að hornið hafi komið inn of snemma, enda hrópaði einn uppáhaldsnefandi Beethovens, Ferdinand Ries, upp yfir sig þegar símfónían var flutt í fyrsta sinn: „Fjárans hornleikarinn! Kann hann ekki að telja?“ Beethoven er sagður hafa reiðst svo mjög við þessi ummæli að hann var nærri búinn að gefa umræddum Ries utanundir.

Annar þáttur símfóníunnar er útfararmars í c-moll sem hefst með tregafullri hendingu í dempuðum strengjum. Þetta er viðamikill kafli og Beethoven teflir fram dramatískum andstæðum. Um skeið er tónlistin komin í bjartan dúr, með ljúfu

óbóstefi sem leiðir inn í mikilfenglegan forte-kafla með pákum og trompetum áður en útfararónlistin snýr aftur. Stundum er engu líkara en að treginn sé við það að bera tónlistina ofurliði. Í lokin heyrst upphafsstefið í molum; fiðlurnar standa eftir einar og óstuddar, en kontrabassarnir styðja við með plokki á stöku stað.

Þótt scherzo-þátturinn hefjist á veiku nótunum er hann fullur af lífi og fjöri. Hér er líka nokkuð um ófyrirséða rytma þótt ekki jafnist á við upphafsþáttinn. Á fyrstu áratugum sínfóníuformsins um miðja 18. öld var lokapátturinn oftast smærri í sniðum en upphafskaflinn, en þetta tók að breytast á tímum Beethovens. *Júpíter-sínfóníu* Mozarts (1788) lýkur með stórbrotnum kafla fullum af tónsmíðabrellum, og Beethoven átti seinna eftir að þenja lokapátt sínfóníuformsins til hins ítrasta með *Níundu sínfóníu sinni*. Í *Eroicu* er lokapátturinn hápunktur verksins í heild og leysir um alla þá spennu sem hefur safnast upp í fyrri köflum. Þátturinn samanstendur af tilbrigðum um stef sem Beethoven hafði samið um 1801 og notað bæði í balletti sínum *Verur Prómeþeifs* (*Die Geschöpfe des Prometheus*), og í píanótilbrigðum op. 35. Stefið er ofureinfalt en hentar vel til margvíslegra umbreytinga sem Beethoven nýtir sér til hins ítrasta, m.a. með virtúósavarásjón fyrir fiðlur og flautu, litríkum sígaunadansi í g-moll og sálmalagastemningu í tréblásurum. Tignarlegir lokataktarnir vísa aftur til upphafshljómanna tveggja í fyrsta kafla nema nú eru hljómarnir mun fleiri, enda ekki vanþörf á eftir jafnævintýralegt ferðalag.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á döfinni



Beethoven-hringurinn II Fös. 9.12. kl.19:30

Beethoven-hringurinn heldur áfram með tónleikum þar sem hljóma tvær gjörólíkar sífóníur meistarans. „Hún er grannvaxin gyðja sem stendur milli tveggja norrænna rísa“, sagði Robert Schumann um fjórðu sífóníu Beethovens. „Þannig banka örlögin á dyrnar“, á Beethoven að hafa sagt um upphafið að fimmtu sífóníu sinni. Engir upphafstaktar hafa náð þvílíkri frægð og ekkert verk Beethovens hefur haft jafnmikil áhrif á síðari kynslóðir. Sá mikli dramatíski kraftur sem í verkinu býr hefur síður en svo dvínað á tveimur öldum. Barátta tónskáldsins við eigin örlög, heyrnarleysi og einmanaleika verður næstum áþreifanleg fyrir eyrum manns.

Stjórnandi: Hannu Lintu

Ludwig van Beethoven: Sífónía nr. 4 og Sífónía nr. 5, Örlagasífónían

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

7. desember 2011

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Mark Reedman
Lin Wei
Rósa Guðmundsdóttir
Martin Frewer
Rut Ingólfssdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Christian Diethard
Hlíf Sigurjónsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Auður Ingvadóttir
Lóvís Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

PÁKUR

Eggert Pálsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

